



Reykjavík, 23. júní 2025
SFS24100141

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Framlenging þjónustusamnings við leikskólann Lund

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. júní 2025 var lögð Lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. júní 2025, varðandi framlengingu þjónustusamnings við leikskólann Lund og drög að viðauka við samning um framlag skóla- og frístundasviðs vegna Lundar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að framlengja þjónustusamning Reykjavíkurborgar við leikskólann Lund til samræmis við meðfylgjandi fyrirmynd að viðauka.

Gildistími nógildandi samnings er til og með 30. júní 2025. Lagt er til að gildistími verði framlengdur með viðauka og verði frá 1. júlí 2025 til 31. desember 2027. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs leikskóla og samningsbundnar skyldur.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráð
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga, dags. 6. júní 2025
Viðauki við þjónustusamning, ódags.



Reykjavík





TILLAGA

Reykjavík, 6. júní 2025
SFS24100141

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi framlengingu þjónustusamnings við leikskólann Lund.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að framlengja þjónustusamning Reykjavíkurborgar við leikskólann Lund til samræmis við meðfylgjandi fyrirmynd að viðauka.

Gildistími núgildandi samnings er til og með 30. júní 2025. Lagt er til að gildistími verði framlengdur með viðauka og verði frá 1. júlí 2025 til 31. desember 2027. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs leikskóla og samningsbundnar skyldur.

Greinargerð:

Þann 27. janúar 2025 samþykkti skóla- og frístundaráð og borgarráð þann 30. janúar 2025 að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera samning við leikskólann Lund samhliða samningum við aðra sjálfstæða starfandi skóla í Reykjavík. Samningarnir voru efnislega að mestu samhljóða eftir aldri barna og var gildistími samninga frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027. Vegna leikskólans Lundar var þó gerður samningur með gildistíma frá 1. janúar 2025 til 30. júní 2025. Að þeim tíma liðnum skyldi samningur vera framlengdur til 31. desember 2027, að því gefnu að úrbætur hafi átt sér stað. Framangreint var gert vegna þess að leikskólinn hafði fengið frest til úrbóta á leikskólastarfinu, til samræmis við 4. gr. reglugerðar nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Ábendingar bárust vegna leikskólans Lundar í september 2024 og var í kjölfarið gerð krafa um úrbætur á ýmsum þáttum er varða aðbúnað barna og námsumhverfi þeirra. Það var því mat skóla- og frístundasviðs að það væri mikilvægt að leikskólinn uppfyllti kröfur um úrbætur áður en samningur með lengri gildistíma yrði gerður.

Eftirlit skóla- og frístundasviðs og mat á stöðu mála

Ábendingar bárust vegna starfsemi leikskólans Lundar í september 2024 og var í kjölfarið gerð krafa um úrbætur á ýmsum þáttum er varða aðbúnað barna og námsumhverfi þeirra. Farið hefur verið í óboðað og boðað eftirlit í leikskólann, síðast 3.mars 2025. Þá hefur verið fundað með stjórnendum leikskólans, starfsfólki þess og foreldraráði. Nýjar ábendingar bárust vegna starfsemi leikskólans í febrúar 2025.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að leikskólinn hafi nú þegar lagt í ýmsar aðgerðir til að bæta starf sitt og þjónustu við börn og uppfyllt að hluta kröfur skóla- og frístundasviðs um úrbætur en þó ekki að öllu leyti. Það er þó mat skóla- og frístundasviðs að úrbótum sé ekki að fullu lokið en ekki sé tilefni til að annars en að gerður verði samningur með sama gildistíma og aðrir sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík.



Samkvæmt 4. gr. reglugerðar 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna skal nefnd skv. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í leikskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Við eftirlit skal stuðst við fjölbreytt gögn, svo sem tölulegar upplýsingar, skólanámskrá, starfsáætlun, stefnu sveitarfélags um leikskólahald og önnur gögn eftir því sem við á. Jafnframt skal nefndin sjá til þess að áætlanir um nauðsynlegar umbætur í kjölfar ytra mats séu gerðar og þeim fylgt eftir.

Í 2. mgr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar kemur fram að komi fram vísbendingar um að leikskóli fari ekki að lögum og sinni ekki lögbundnum skyldum sínum skal nefndin ganga úr skugga um hvort rétt sé og sjá til þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar sé þess þörf.

Hvað þetta atriði varðar er ástæða að vekja athygli á að ef verulegar vanefndir verði á einstökum ákvæðum samnings aðila hvað varðar starfsemi leikskólans að mati skóla og frístundasviðs og þær verði velferð barna í leikskólanum, skuli sviðið gera leikskólanum skriflega grein fyrir því og óska úrbóta innan sanngjarns tíma miðað við eðli máls. Leikskólinn skal svo fljótt sem auðið er finna leiðir til úrbóta og framkvæma þær. Telji skóla- og frístundasvið úrbætur ekki fullnægjandi er heimilt að segja upp samningnum og fellur hann þá úr gildi sbr. ákvæði 33.2.

Jafnframt kemur fram í gr. 3.1 samningi að það sé skilyrði framlags að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi.

Afgreiðsla

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er lagt til að samningur við leikskólann Lund verði framlengdur til sama gildistíma og þegar gerðir samningar við aðra sjálfstætt starfandi leikskóla, drög að viðauka í fylgiskjali 1.



Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs vegna leikskólans Lundar

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, og leikskólinn Lundur ehf., kt. 500106-0500, gerðu þann 28. febrúar 2025 með sér samning um framlag vegna reksturs leikskóla, vegna barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera nýjan viðauka

2. gr.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera samkomulag um að gildistími samnings, dags. 28. febrúar 2025, verði framlengdur til 31. desember 2027.

3. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá 28. febrúar 2025 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins.

Litið er svo á að samningur aðila, dags. 28. febrúar 2025, haldi gildi sínu þar til viðauki þessi tekur gildi.

Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.

4. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Viðauki þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.